

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
20. nóv. 2017
Tilv. _____

Reykjavík 16. nóvember 2017
UST201711-092/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnisnámur - Norðurgarður

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Vegna hafnarframkvæmda í Grundarfirði er ráðgert að taka efni úr tveimur námum. Annars vegar úr opinni grjótnámu í Lambakróarholti og hins vegar af sjávarbotni utan netlaga undan Grundarkampi, en þar hefur efni verið tekið áður við sambærilegar framkvæmdir.


Fram kemur í greinargerð að lífríki á hafsbotni undan Grundarkampi sé að líkindum fábreytt og ekki er talin hætta á að efnistakan valdi breytingum á efnisflutningum og auki hættu á landbroti. Náma er innan hafnarsvæðis Grundarfjarðarhafnar. Grjótnáman í Lambakróarholti er innan þéttbýlis og er ráðgert að skipuleggja iðnaðarhverfi á svæðinu að efnistöku lokinni.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnu bendir á að tvisvar sinnum áður hefur efni verið tekið af hafsbotni á svæðinu undan Grundarkampi og verður því samanlögð efnistaka á svæðinu talsvert umfram 150.000 m³ að fyrirhugaðri efnistöku lokinni. Því telur stofnunin að gera ætti grein fyrir þessu svæði á svipaðan hátt og gert var vegna efnistöku við Eyri í Reyðarfirði ef ætlunin er að nýta þetta svæði áfram til efnistöku að umræddum framkvæmdum loknum.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri